



Öll námskeiðin eru líka opin almenngi í gegnum Endurmenntun Háskóla Íslands

## Nám fullorðinna

Kjörsvið á námsleiðinni „Uppeldis og menntunarfræði“ í deild Menntunar og margbreytileika fyrir fólk sem vill styðja við nám fullorðinna – hvort sem það er innan skólakerfisins, á vinnustað eða annars staðar. Námið hentar bæði stjórnendum og skipuleggjendum, s.s. fræðslustjórum, verkefnastjórum sem og kennurum í skólum, stofnunum og fyrirtækjum.

Framhaldsnám við Menntavísindasvið með áherslu á **Nám Fullorðinna** veitir góða undirstöðu fyrir störf þar sem fólk vinnur með fullorðnum að námi, þróunarstarfi, breytingum eða tólmundastarfi.

Þeim fer fjölgandi sem koma að þjálfun og fræðslu fullorðinna á einn eða annan hátt. Sumir miðla samstarfsfólki af sérfræðipækkingu sinni, aðrir þjálfastarfsfólk við innleiðingu nýrrar tækni eða aðferða. Enn aðrir bera ábyrgð á að stýra breytingum eða skipuleggja nám og þjálfun, t.d. á vinnustað, í skóla, fyrir stéttarfélag eða frjáls félagsamtök.

Kjörsviðið **Nám Fullorðinna** er ætlað fólki sem vinnur við menntun fullorðinna eða hyggur á starf sem felst í að styðja við nám fullorðinna, hvort sem um er að ræða skipulagningu, útfærslu eða kennslu.

Meginmarkmið námsins eru: a) að námsmenn öðlist þekkingu á *rannsóknnum* og *kenninum* er snerta nám fullorðinna; b) að námsmenn þekki það *umhverfi* sem skipulagt nám fullorðinna fer fram í hér á landi; c) að þeir tileinki sér *aðferðir* við skipulagningu og framkvæmd námstilboða fyrir fullorðna og við kennslu þannig að þeir

### Hafðu samband:

**Formaður**

**námsbrautarinnar:**

Hróbjartur Árnason

[hrobjartur@hi.is](mailto:hrobjartur@hi.is)

525 5393 | 860 8046

**Deildarstjóri:**

Jóhanna Karitas

[jkt@hi.is](mailto:jkt@hi.is)

525 5951

Vefur kjörsviðsins:

<http://namfullordinna.is>



verði færir um að koma af stað og stýra hvers kyns námsferlum með fullorðnu fólki; d) að þeir geti metið námsárangur nemenda sinna, (raun)færni fullorðinna og framkvæmd fræðslu.

## Skipulag námsins

Námið er í boði til **MA-gráðu** en einnig má ljúka fyrri hlutanum með **diplómu** (30e eða 60e). Nemendur sem ætla sér að ljúka meistaraþáttum með áherslu á **Nám Fullorðinna** taka 30 einingar á námsleiðinni auk lokaverkefnis. Þar við bætast 40e í undirstöðufræðum kennslufræðinnar ásamt aðferðafræði. Þá eru eftir 20-60e í val tengdu fræðasviðinu – eftir stærð lokaverkefnis.

Námið fer fram með fjölbreyttu sniði þar sem blandast hagnýt og fræðileg vinnubrögð. Nemendur vinna einstaklings- og hópverkefni, hvort sem er í námssamfélagi á staðnum eða í fjarlægð með aðstoð tölvutækninnar. Þá er lögð rík áhersla á að verkefni séu unnin í beinum tengslum við vettvang, hvort sem er á eigin vinnustað eða annars staðar þar sem fullorðnir læra.

### Fullorðnir námsmenn og aðstæður þeirra ...

... er inngangsnámskeið sérsviðsins. Þar kynntast nemendur helstu rannsóknnum og kenninum um nám fullorðinna og sérstöðu þeirra sem námsmanna. Markmið námskeiðsins er m.a. að þátttakendur þekki til samfélagslegra breytinga sem leitt hafa til aukinnar áherslu á nám fullorðinna. Einnig er markmiðið að þátttakendur geti nýtt sér kenningar um fullorðna námsmenn til þess að skilja aðstæður þeirra og hegðun og skipuleggja náms-tilboð.

Á námskeiðinu öðlast þátttakendur innsýn í fræðslustarf með fullorðnum á Íslandi, hugmyndir og þarfir einstaklinga, stofnana og samfélags fyrir símenntun.

## Skipulagning og framkvæmd fræðslu með fullorðnum

Markmið námskeiðsins er að þátttakendur tileinki sér gagnlegar hugmyndir, kenningar og aðferðir til að skipuleggja nám og kennslu fyrir fullorðna námsmenn. Þátttakendur

takast á við algengar nálganir við skipulagningu náms fyrir fullorðna og þær rannsóknir, kenningar og viðhorf sem að baki liggja. Aðalverkefni námskeiðsins felst í því að nemendur skipuleggja og hanna raunverulegt námskeið og undirbúa framkvæmd þess.

## Nokkur valnámskeið sérviðsins

### Mat og vottun á færni og þekkingu fullorðinna

Á grundvelli námsmatskenninga og viðurkenndra aðferða kafa þátttakendur dýpra í ólíkar birtingarmyndir mats á námi, þekkingu og færni fullorðinna. Þátttakendur kynna sér hvernig að mati er staðið við ólíkar aðstæður. Þeir læra aðferðir til að meta hvað fullorðnir hafa lært á tilteknu námskeiði. Einnig kynna þeir sér hugmyndir um raunfærnimat og aðferðir sem nota má við að meta þekkingu og

Ég gæti skrifað endalaust um það sem ég lærði, hvort sem það er um kenningar, fræðimenn, samskipti eða eitthvað annað. Ég lærði alveg óendanlega mikið af þeirri reynslu sem ég öðlaðist á námskeiðinu. Eitt stendur þó upp úr; það er að hafa lært að bera virðingu fyrir öllum þeim fullorðnu námsmönnum sem taka það stóra skref að bæta við sig þekkingu, alveg sama hvort það sé innan hins formlega skólakerfis, þess óformlega eða í skóla lífsins. (Frá nemanda)

færni sem fólk hefur aflað sér bæði með formlegum og óformlegum hætti.

### Greining á fræðsluþörfum í símenntun

Á þessu námskeiði læra þátttakendur að nota formlegar og óformlegar aðferðir við að greina þörf fullorðinna fyrir nám. Þarfagreining gagnast bæði við þróun námsleiða fyrir fullorðna sem og skipulagningu einstakra námskeiða. Með auknum kröfum um símenntun er gagnlegt að geta metið af nákvæmni hvað það er sem fólk þarf að læra.



### Markaðssetning fræðslutilboða fyrir fullorðna

Námskeiðið tekur á kenningum, aðferðum og viðhorfum kennslufræðinnar og markaðsfræðinnar við hönnun námskeiða og kynningu þeirra. Markmið námskeiðsins er að þátttakendur geti nýtt sér kenningar og aðferðir bæði markaðsfræði og kennslufræði við skipulagningu á fræðslu fyrir fullorðna, einum við það að velja markhópa, viðfangsefni, námsform, staðsetningu og kynningu.

Námskeiðið mun gagnast mér vel og ég hugsa að margt af því sem rætt var um komi upp í huga minn í starfi sem vonandi gerir mig að betri skipuleggjanda og leiðbeinanda. Ég fékk nýja þekkingu sem getur nýst mér vel, bæði sem starfsmanna- stjóri og leiðbeinandi. (Frá nemanda)

### Gæðastjórnun í símenntun

Einstaklingar, fyrirtæki og stofnanir gera æ meiri kröfur um að símenntun þjóni tilgangi sínum og skili árangri fyrir lífið og starfsemi skipulagsheilda. Aðferðir gæðastjórnunar, einkum mat á fræðslustarfsemi, verða skoðaðar sérstaklega á þessu námskeiði með það fyrir augum að nemendur öðlist trausta undirstöðuþekkingu til að skipuleggja gæðamál símenntunar.